

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu  
b/t Rúnar Guðmundsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík 7. júní 2019  
UST201905-109/A.B.  
10.04.03

**Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Geldingafell – skálasvæði - Bláskógabyggð**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 11. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á tillögu að deiliskipulagi fyrir skálasvæði við Geldingafell í Bláskógabyggð.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagið nær til tveggja lóða Geldingafell 1 og Geldingafell 2.

Heimilt er að byggja upp ferðaþjónustu á Geldingafelli 1, s.s. gistingu fyrir allt að 25 manns, veitingaaðstöðu og aðstöðu fyrir tæki og búnað í tengslum við ferðir, m.a. á Langjökul. Heildar byggingamagn innan lóðarinnar getur verið allt að 700 m<sup>2</sup>, en innan lóðarinnar í dag er um 150 m<sup>2</sup> skemma og um 60 m<sup>2</sup> aðstaða fyrir ferðamenn og starfsfólk.

Heimilt er að byggja upp ferðaþjónustu á Geldingafelli 2, s.s. gistingu fyrir allt að 25 manns, veitingaaðstöðu og aðstöðu fyrir tæki og búnað í tengslum við ferðir, m.a. á Langjökul. Heildar byggingamagn innan lóðarinnar getur verið allt að 700 m<sup>2</sup> en innan lóðarinnar í dag er tvær um 150 m<sup>2</sup> skemmur og þrjú hús, um 100 m<sup>2</sup> um 60 m<sup>2</sup> og 50 m<sup>2</sup> fyrir ferðamenn og starfsfólk.

**Miðhálandisþjóðgarður**

Umhverfisstofnun bendir á að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um átak í friðlýsingum og er hluti þess átaks stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Hefur ráðherra skipað þverpólitíska nefnd um verkefnið.

Hlutverk nefndinni er m.a. að fjalla um hugsanlegar aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar, svæðisskiptingu og rekstrarsvæði og greina tækifæri með stofnun þjóðgarðs á byggðaðþróun og atvinnulíf. Við störf nefndarinnar verður haft samráð við helstu hagsmunaaðila og almennasamtök, s.s. náttúruverndarsamtök, útvistarsamtök og samtök hagsmunaaðila s.s. í ferðaþjónustu, landbúnaði og orkumálum.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir  
sérfræðingur